

Ed.

576. Nefndarálit

[181. mál]

um frv. til hafnalaga.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á sameiginlegum fundi sjávarútvegsnefnda beggja þingdeilda, sem haldinn var með hafnarmálastjóra og framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga. Enn fremur hefur nefndin rætt frumvarpið á fundi sínum í dag.

Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins óbreytts, eins og það liggur nú fyrir, en tveir nefndarmenn, Helgi Bergs og Ólafur Jóhannesson, vilja þó áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur og fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 17. apríl 1967.

Jón Árnason,
form., frsm.
Gils Guðmundsson.

Friðjón Skarphéðinsson,
fundaskr.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
Sveinn Guðmundsson.

Ólafur Jóhannesson.

Helgi Bergs.